

## AUGLÝSING

um starfsreglur um breytingu á starfsreglum  
um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007.

„STARFSREGLUR  
um breytingu á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007.

1. gr.

12. gr. breytist svo:

Í eftirtöldum prestaköllum fellur brott skylda til að leggja til prestssetur:

*Suðurprófastsdæmi*

Eyrarbakkaprestakall

Hveragerðisprestakall

Vestmannaeyjaprestakall

Þorlákshafnarprestakall

*Kjalarnesprófastsdæmi*

Grindavíkurstakall

Útskálaprestakall

Mosfellsprestakall

*Vesturlandsprófastsdæmi*

Garðaprestakall

Hvanneyrarprestakall

*Vestfjarðarprófastsdæmi*

Ísafjarðarprestakall

*Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi*

Sauðárkróksprestakall

*Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi*

Dalvíkurprestakall

Húsavíkurprestakall

*Austurlandsprófastsdæmi*

Eskifjarðarprestakall

Norðfjarðarprestakall

Vallanesprestakall

2. gr.

Við starfsreglurnar bætist ný 13. gr. svohljóðandi:

Embættisbústaðir skulu lagðir til í samræmi við 1. og 2. tl. fasteignastefnu þjóðkirkjunnar.

Embættisbústaður er að jafnaði lagður til í prestakalli þar sem búa færri en 1.500 manns. Nú búa fleiri en 1.500 manns í prestakalli og getur kirkjuþing þó samþykkt að embættisbústaður skuli lagður til í eftirfarandi tilvikum:

- að staðhættir eða aðstæður á fasteignamarkaði réttlæta slíkt
- að söguleg eða menningarleg rök þykja mæli með því.

Nú búa færri en 1.500 manns í prestakalli og getur þá kirkjuþing þó ákveðið að ekki skuli lagður til embættisbústaður þar, ef sérstök rök mæla með því, s.s. að prestakall sé í nálægð við fjölmennari þéttbýlisstaði eða til að gæta samræmis innan sömu landsvæða.

3. gr.

Núgildandi 13. gr. starfsreglnanna verði 14. gr.

4. gr.

Starfsreglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 59. gr. laga nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar og öðlast gildi 1. janúar 2012.

#### **Ákvæði til bráðabirgða.**

Prestur sem situr í prestakalli, sem tilgreint er í starfsreglum þessum við gildistöku þeirra, getur setið prestssetrið áfram samkvæmt gildandi lögum og starfsreglum hverju sinni, uns honum er veitt lausn frá embætti.

Óski prestur, sem situr í prestakalli sem tilgreint er í starfsreglum þessum við gildistöku þeirra, að njóta ekki prestsseturs og biskup Íslands og kirkjuráð samþykkja, skal greiða honum húsaleigustyrk, þann tíma sem hann hefði átt rétt á að sitja prestssetur, enda búi hann í prestakallinu þann tíma og sé þar með skráð lögheimili. Fjárhæð styrksins skal jöfn þeirri fjárhæð sem presti hefði borið að greiða í leigu af prestssetrinu. Þá er sömuleiðis biskupi Íslands og kirkjuráði heimilt með sama hætti að samþykkja að prestur láti prestssetur af hendi og sé leystur undan búsetuskyldu í prestakallinu en þá stofnast ekki réttur til húsaleigustyrks.

*Gjört í Reykjavík, 23. nóvember 2011.*

**Pétur Kr. Hafstein**, forseti kirkjuþings.“

Starfsreglur þessar eru hér með kunngjörðar almenningi.

*Reykjavík, 23. nóvember 2011.*

**Karl Sigurbjörnsson**, biskup Íslands.